

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 143/306***  
***komudagur 20.11.2013***

Reykjavík 19.11.2013

Umsögn frá Félagi íslenskra krabbameinslækna um  
þingskjal 28-28. mál:

Tillaga til þingsályktunar um forvarnastarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli.

Félag íslenskra krabbameinslækna styður að hvatt verði til vitundarvakningar meðal karlmannna um blöðruhálskirtilkrabbamein. Við getum þó ekki stutt skipulagða hópleit fyrir blöðruhálskirtilskrabbameini á Íslandi með PSA mælingum. Í stórum þýðisrannsóknnum þar sem PSA skimun hefur verið skoðuð, hefur ekki verið hægt að sýna ótvírætt fram á ávinning sem vegur upp á móti afleiðingum ótímabærra greininga og meðferð sjúkdómsins. Félagið er fylgjandi því að reglulega verði hugsanlegur ávinningur af slíkri skimun endurskoðaður. Félagið tekur einnig undir þá brýnu nauðsyn að bæta tækjabúnað til geisla-og skurðmeðferðar blöðruhálskirtilskrabbameins á Íslandi.

Félag íslenskra krabbameinslækna.